



Úrdráttur úr dagbók Jóns Sveinssonar, hdl., varðandi Búnaðarbankann og kreppulánasjóðsbréf

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Jón Sveinsson – Úrdráttur
– Dagbók – Búnaðarbankinn – Kreppulánasjóðsbréf - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-13, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ú T D R Á T T U R
úr dagbók Jóns Sveinssonar, hdl.

.....
Mánudaginn 8. september (1952):

Suðvestan hitablíða, að mestu heiðskýrt og ágæturrurrkur. Hiti 4 - 20 stig. Fór snemma á fatur og ýmislegt að brasa í húsamálum mínum. Tómas Árnason tilkynnti, að hann gæti ekki útvegað kaupanda að neðri hæðinni og gengu þá allar leigur við hann og aðrar ráðstafanir um íbúðina í Grænugötu til baka. Þar var ég fyrir brögðmálgi í annað sinn um þá íbúð. Strákgreyinu þótti þetta mjög leitt, því að hann þarfnast íbúðarinnar mjög og vill held ég setjast hér að. Hann tók að vitna og sagðist vera mér mjög velviljaður, og mun það rétt vera. Tjáði hann mér að þeir Hermann og Eysteinn hefðu boðið sér 10 þús. kr. bitling við Búnaðarbankann hér, ef hann vildi setjast hér að, sem starfsmaður Framsóknarflokksins. Átti það að vera innheimtustörfin, sem ég hefi nú, og hefi 1200.00 kr. á ári fyrir. Tómas sagðist hafa sagt ráðherranum, að hann vissi vel hver hefði það starf með höndum, og hann vildi ekki verða til þess að taka það af honum. En mér varð á að brosa þegar ég heyrði að átti að greiða fyrir þetta starf mitt 10 þús. kr. á ári af pólitískum ástæðum, hækka launin úr kr. 1200.00ⁿ í 10 þúsund. Það minnti mig á atvik, sem skeði þegar ég keypti eða gjörði samning um kaup og sölu á Strandgötu 5 til handa Búnaðarbankaútibúinu. Ég var þá juridiskur consulent útibúsins eins og ég er enn, og einnig frú Guðrúnar Ólafsson. Ég vissi að hún hafði samþykkt að selja Búnaðarbankanum, Reykjavík, húseign sína Strandgötu 5, fyrir kr. 55 þús., í Kreppulánasjóðsbréfum. Þegar ég var kallaður til af bankanum að gjöra kaupsamninginn og afsalsbréfið, tjáði útibússtjóri Bernharð Stefánsson mér, að kaupverðið átti að vera 60 þús. kr. í Kreppulánasjóðsbréfum. Ég gerði afsalsbréfið þannig og skrifað var undir af seljanda og kaupanda. Greiðslan var innt af hendi í kreppubrjúfum, 60 þús., og hlassið sett á handkerru

og ekið með það ofan í Strandgötu 5, og það látið inn í stóra peningaskápin hans Ragnars Ólafssonar. Seinna um daginn var mér gengið inn á skrifstofu dánarbúsins og spurði þá Sverri Ragnars hvernig honum hefði tekist á síðustu stundu, að hækka söluverðið upp í 60 þús., þar sem búið var að samþykkja að selja eignina fyrir 55 þús. Þá varð Sverrir dálítið fár við, og spurði mig hvort ég hefði ekki mætt honum Jóni Stefánssyni, sem einmitt var að yfirgefa skrifstofuna á þeirri stundu, sem ég kom. Eg sagði jú. Sverrir svaraði þá, að Jón mundi geta gefið mér skýringuna. En svo var mál með vexti, að bankaútibúið hafði sett upp, eða sett sem skilyrði fyrir kaupunum, með milligöngu Jóns Stefánssonar, að söluverðið væri 60 þús., en svo átti frú Ólafsson að taka á móti kvittun fyrir 5 þús., í kreppubréfum, sem hún gæfi í flokkssjóð Framsóknarflokksins. Þarna hafði ég einmitt mætt Jóni á stéttinni með fimm þús., kr. í kreppubréfum undir hendinni, en frú Ólafsson hafði tekið við kvittun frá honum, þar sem hann vottar að hún hafi gefið 5 þús., í flokkssjóðinn. Eg mun lengi muna eftir er Sverrir sagði mér, að mömmu sinni hefði orðið að orði: "Heldurðu að hann Ragnar minn hefði nú nokkurn tíma farið að gefa 5 þús., kr. í flokkssjóð Framsóknarflokksins?"

...E. J. mun þá hafa verið mestur fjárflemtur flokksins?